

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á SIGLUFIRÐI

<b>Dagsetning</b>	11. maí 2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing ehf.	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	31. janúar 2018
<b>Heimilisfang</b>	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660695-2069	<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson Einar Áki Valsson
<b>Isat nr.</b>	63.40	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	N66 09,193 V18 54,167
<b>Starfsemi</b>	Önnur flutningamiðlun		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engar aðrar athugasemdir voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Siglufirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Áfyllingarplan var skoðað en það er farið að láta á sjá, en uppfylltir kröfur. Tekið var á loka í frárænnli og stóð hann lokaður eins og kröfur eru um.

Skoðuð var aflögð lögn sem gengur í gegnum þróarveggi.

Geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Girðingar og hlið voru í góðu lagi.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik:

Í eftirliti hafði ekki verið mæld olía í fráveituvatni stöðvarinnar, en greining hefur nú borist Umhverfisstofnun og því telst það ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi.

**Athugasemdir:** Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

### Önnur mál: Mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar

Umhverfisstofnun hefur samþykkt olíupróf frá Macherey Nagel, sem mælikvarða á hvort olía sé í frárennslinu. Verði litabreytinga ekki vart, telst frárennslið hafa staðist kröfur um minna en 15 mg/kg (ppm) olíu í frárennslinu. Ef vottar fyrir litabreytingum á strimlinum skal taka sýni úr fráveitu stöðvarinnar og mæla olíuinnihald sýnisins (magnbundin greining).

Reykjavík, 30/08/2011

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.